

## Breytingar á fjölda nokkurra bjargfugla í tvo áratugi

Arnþór Garðarsson, Líffræðistofnun háskólans, Háskóla Íslands, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík. [arnthor@hi.is](mailto:arnthor@hi.is)

Nokkrir stærstu sjófuglastofnar í N-Atlantshafi eiga heima hér við land og verpa í fuglabjörgum, þéttum byggðum sem hafa verið nytjaðar frá fornu fari og eru vel kunnar. Margir eru líklegir til að taka eftir því þegar breytingar verða á högum þessara stofna. Stór áföll og skyndilegar uppákomur vekja þó fremur eftirtekt en hægfara breytingar, sem erfitt er að meta nema með nákvæmum talningum.

Til þess að meta breytingar á sjófuglastofnum og útskýra af hverju þær verða, er nauðsynlegt að fylgjast vel með fjölda og viðkomu fuglanna, en það þarf líka að fylgjast með umhverfisbreytingum á stórum hafsvæðum, einkum fæðuskilyrðum, veðráttu og ástandi sjávar, og áhættuþáttum af mannavöldum, svo sem mengun, fuglaveiðum og áhrifum af völdum fiskveiða og veiðarfæra.

Greint er frá niðurstöðum talninga í nokkrum fuglabjörgum síðastliðna tvo áratugi. Talið var með 5-10 ára millibili á sniðum í Krísuvíkurbergi (15 snið) á Reykjanesskaga og Skoruvíkurbjargi (15-19 snið) á Langanesi, svo og í öllu Hafnabergi á Reykjanesi. Þessi björg voru valin vegna aðgengis og vegna þess að þau eru sitt á hvoru landshorninu, sjóleiðin á milli er um 600 km, og þau eru á ólíkum hafsvæðum. Á Snæfellsnesi og í Drangey var talið tvisvar á tímabilinu, með 22 og 16 ára millibili.

Þrjú munstur komu í ljós: Langvía *Uria aalge* og álka *Alca torda* voru í jafnvægi eða fjölgaði lítillega fram undir aldamót, en vorið 2005 hafði báðum þessum tegundum fækkað, bæði suðvestanlands og á Langanesi. Breytingar á fjölda ritu *Rissa tridactyla* voru ekki samstiga milli landshluta, á suðvesturlandi fjölgaði ritu 1985-2005 en á Langanesi varð hrun á síðustu árum. Tvær tegundir sýndu langtíma fækkun. Eftir tveggja alda fjölgunartímabil fækkaði fýl *Fulmarus glacialis* að meðaltali um 2-3 % á hverju ári bæði á Reykjanesskaga og Langanesi. Stuttnefju *Uria lomvia* virðist hafa farið fækkandi á síðari helmingi 20. aldar, fækkunin var um 7 % á ári 1985-2005. Skýringa á breytingum í fjölda þessara tegunda er helst að leita í breytilegu framboði átu í uppsjónum.